

FRÁSÖGN

af fundi stjórnarnefndar NATO-þingsins í Tallinn 23.–24. mars 2024.

Af hálfu Íslandsdeildar NATO-þingsins tók þátt í fundinum Njáll Trausti Friðbertsson, formaður, auk Auðar Örlygsdóttur, sérfræðings í alþjóðamálum. Meðal helstu áherslumála á fundinum var árásarstríð Rússlands í Úkraínu, staða og framtíð NATO og samstarf þess við ríki utan bandalagsins en í ár eru 75 ár liðin frá því að stofnsáttmáli NATO var undirritaður 4. apríl 1949 í Washington-borg. Stjórnarnefndarfundurinn var jafnframt fyrsti fundur NATO-þingsins eftir að Svíþjóð gerðist aðili að bandalaginu og eru aðildarríki nú orðin 32 talsins.

Stjórnarnefndin sendi frá sér yfirlýsingu í tilefni af 75 ára stofnafmæli bandalagsins sem birt var á vef þingsins í kjölfar fundarins. Þar kemur fram að bandalagið sé staðráðið í að standa vörð um lýðræðið. Það standi sterkt og sameinað gegn hvers kyns ógnum og hryðjuverkum á grundvelli 5. gr. stofnsáttmálans og muni styðja Úkraínu til sigurs. Leiðtogafundur NATO verður haldinn í Washington-borg í júlí í tilefni af tímamótunum og mun NATO-þingið koma saman í aðdraganda fundarins. Forseti þingsins, Michał Szczerba, tekur þátt í leiðtogafundinum og lagði fram tillögu að yfirlýsingu á fundi stjórnarnefndar þar sem fram koma tilmæli þingsins til leiðtoga NATO. Yfirlýsingin verður lögð fyrir leiðtogafundinn í Washington-borg. Þá var einnig tekin til umræðu yfirlýsing forseta um nauðsyn þess að standa með Úkraínu til sigurs. Báðar þessar yfirlýsingar verða teknar til frekari umræðu á fundi stjórnarnefndar og vorþingi NATO-þingsins í Sofíu í Búlgaríu í maí.

Lauri Hussar, forseti eistneska þingsins, og Kaja Kallas, forsætisráðherra Eistlands, ávörpuðu stjórnarnefndina. Kallas átti einnig samtal við þingmenn þar sem rædd voru framlög til varnarmála, áframhaldandi stuðningur við Úkraínu, fjölþáttaógnir og leiðir til að auka viðnámsþrótt aðildarríkja. Flutt var upptaka af ávarpi Rúslans Stefantsjúks, forseta úkraínska þingsins, Verkhovna Rada, og í kjölfarið fór Jehor Tsjerníev, formaður úkraínsku landsdeildarinnar, yfir stöðu mála í Úkraínu. Stjórnarnefndin tók einnig til umfjöllunar breytingar á skipan og hlutverki samstarfsríkja bandalagsins og ræddi tillögur að aðgerðum til aukins samstarfs við ríki í suðri og austur við Kyrrahaf. Þá voru einnig til umfjöllunar skýrsla frá endurskoðendaráði NATO (IBAN) vegna ársreiknings þingsins fyrir árið 2023 og skýrsla framkvæmdastjóra NATO-þingsins, Ruxöndru Popa, um stöðu kynjajafnréttis innan NATO-þingsins. Þær skýrslur og tillögur að breytingum sem lagðar voru fyrir stjórnarnefnd verða áfram til umræðu á vettvangi NATO-þingsins og koma til afgreiðslu á vorþingi þess í Sofíu 24.–27. maí í vor.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæði NATO-þingsins, <https://www.nato-pa.int/>.